



Ársskýrsla
Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2013

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári og hvernig til hefur tekist við að ná markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Skólaárið 2013 gekk mjög vel. Skólinn sótti um og fékk aftur styrki líkt og árið áður frá mennta- og menningar-málaráðuneytinu til að tilraunakenna nýjar og endurskoðaðar námsbrautir eftir nýrri aðalnámskrá. Árið einkenndist af áframhaldandi vinnu við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Þá var áfram unnið að innleiðingu fleiri gæðagreina í gæðakerfi skólans. Af öðrum verkefnum má nefna að skólinn gerði samning við Dalabyggð um rekstur framhaldsdeildar í Búðardal, aðstaða starfsbrautar var bætt sem og aðstaða nemenda til heimanáms. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir framvindu skólastarfsins.

Áherslur og meginsvið

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu á ákveðnum sviðum. Nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum. Skólaárið er 184 starfsdagar nemenda. Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum. Skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mötuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

Nemendur

Á vorönn 2013 voru 139 nemendur, 66 drengir og 73 stúlkur. Á haustönn 2013 innrituðust 157 nemendur, 73 drengir og 84 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var 148.

Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni

	Vorönn 2013	Haustönn 2013
Fjöldi nemenda	139	157
Stúlkur	73 (53%)	84 (54%)
Drengir	66 (47%)	73 (46%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

Tafla 2 Búseta nemenda

Lögheimili	Vorönn 2013	Haustönn 2013
Borgarbyggð	89%	83%
Vesturland	2%	9%
Utan Vesturlands	9%	8%

Tafla 3 Aldur nemenda

Fæðingarár	Vorönn 2013	Haustönn 2013
1998		5%
1997	5%	22%
1996	21%	20%
1995	19%	17%
1994	23%	11%
1993	11%	6%
Fyrir 1993	21%	18%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættir áður en önn lýkur. Brottfall nemenda skólaárið 2013 var 2,5%. Brottfall samkvæmt áfangalistum var að meðaltali 2,8% á árinu 2013. Nýtingarhlutfall hópa miðað við 25 nemendur í bóklegum greinum og 15 í list- og tölvugreinum var 73%.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2013	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2013
Félagsfræðabraut	62	73
Félagsfræðabraut-íþróttasvið	7	10
Náttúrufræðibraut	34	29
Náttúrufræðibraut-íþróttasvið	5	9
náttúrufræðibraut-búfræðisvið	7	8
Almenn braut	4	1
Framhaldsskólabraut	4	10
Starfsbraut	7	9
Grunnskólabraut	8	7
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	1
Alls	139	157

Starfsfólk

Við skólann starfa 23 starfsmenn. Stöðugildi alls eru um 20. Við skólann starfa kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður, þrír stuðningsfulltrúar, matráður og húsvörður.

Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri og kyni árið 2013

Aldur í árum	í Fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	0	0	0	0
30-39	2	0	1	1
40-49	2	2	2	2
50-59	0	4	0	1
60-69	0	0	0	0
Samtals	4	7	2	4

Tafla 6 Menntun kennara

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	1
MA/MSc/MEd	6
BA/BSc/BEd	8
Önnur próf	3

Framkvæmd markmiða

Helstu markmið skólasamnings

Stærsta einstaka þróunarverkefni skólans tengdist nýrri aðalnámskrá. Skólinn náði markmiðum sínum um að tilraunakenna endurskoðaðar námsbrautir skólans-skólaárið 2012-2013. Ennfremur náðist að setja endurskoðaðar og nýjar áfangalýsingar í námsskrárgrunn á vorönn 2013. Ekki náðist að setja inn nýjar námsbrautir í námskrárgrunninn og færist það verkefni yfir á vorönn 2014. Eitt af markmiðum skólans fyrir skólaárið 2013-2014 var að skólinn myndi fara í stefnumótunarvinnu. Stefnumótunarvinnan hófst haustið 2013 með fundum starfsfólks og nemenda. Þá var einnig haldinn fundur með foreldrum, stjórn, skólanefnd, fulltrúum atvinnulífs og Borgarbyggðar. Á þessum fundum var farið í svot greiningu ásamt því sem áhersla var á greiningu á sérstöðu skólans og mótun framtíðarsýnar. Úrvinnsla á niðurstöðum framangreindrar vinnu stendur enn yfir og er í höndum starfsfólks skólans.

Skólinn náði einnig að auka fjölbreytni í námsframboði með auknu vali á sviðum innan stúdentsprófsbrauta. Í boði var nýr tölvuleikjaáfangi, þá var kynjafræði kennd í fyrsta sinn. Einnig var boðið upp á Björgunarmann 1 í samstarfi við Björgunarsveitina Brák, Björgunarsveitina Elliða, Björgunarsveitina Heiðar, Björgunarsveitina Ok og Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Áætlun um sjálfsmat skólans var fylgt eftir og tveir nýir gæðagreinar innleiddir. Haldnir voru matsfundir um ákveðna þætti í skólastarfinu.

Dreifnám í Búðardal

Á árinu var gerður samningur við Dalabyggð um rekstur framhaldssdeildar í Búðardal. Átta nemendur stunduðu nám við deildina. Sérstakur starfsmaður var ráðinn til að hafa umsjón með deildinni og fylgja nemendum í námslotur þrisvar á önn í Borgarnes.

Nemendagarðar

Skólinn rak áfram nemendagarða fyrir nemendur skólans. Framlengdur var samningur við Farfuglaheimilið í Borgarnesi um leigu á herbergjum handa nemendum. Auk þess leigði skólinn herbergi af fjölskyldum í Borgarnesi til endurleigu handa nemendum.

Heilsueflandi skóli

Menntaskóli Borgarfjarðar er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskólar. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanemenda. Áherslan var á næringu og geðrækt þetta árið. Sérstakur verkefnishópur heldur utan um verkefnið.

Kennsluhættir og námsmat

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2013. Árlegur starfstími er 184 dagar og skólaárið skiptist í tvær annir, vor- og haustönn sem hvor um sig er 92 dagar. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar. Í tengslum við rekstur framhaldsskóladeildar í Búðardal var tekinn í notkun nýr hugbúnaður sem kallast Lync. Nemendur í dreifnámi fylgdust með kennslu í gegnum þennan hugbúnað. Styrkur fékkst til að halda úti íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Skólinn býður upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut. Nemendur geta valið um íþróttasvið á félagsfræðabraut og íþróttasvið og búfræðisvið á náttúrufræðibraut. Skólinn bauð einnig upp á framhaldsskólabraut og starfsbraut. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg tengsl við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum, sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn.

Stjórnun

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar skipa Vífill Karlsson formaður, Hanna Kristín Þorgrímsdóttir varaformaður, Guðrún Kristjánsdóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir og Sigríður Bjarnadóttir. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra, Guðrún Elfa

Hauksdóttir, fulltrúi nemenda, Daði Freyr Guðjónsson og fulltrúi kennara, Anna Guðmundsdóttir. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þau Guðrún Elfa Hauksdóttir, Krístrún Jóna Jónsdóttir og Þórdís Arnardóttir. Nemendafélag skólans skipa Daði Freyr Guðjónsson formaður, Sigurbjörg Rós Sigurðardóttir gjaldkeri, Alexandra Rut Jónsdóttirritari, Pétur Freyr Sigurjónsson skemmtanastjóri og Guðbjörg Halldórsdóttir meðstjórnandi. Á árinu var kosið í skólaráð sem skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Daði Freyr Guðjónsson, Alexandra Rut Jónsdóttir, Þóra Árnadóttir kennari og Ívar Örn Reynisson kennari.

Rekstur og fjármál

Rekstur skólans er í mjög góðu jafnvægi. Tekjur skólans á árinu 2013 stóðu vel undir rekstri. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð. Á árinu var aðstaða starfsbrautar bætt og starfsemi hennar flutt í stærra rými. Rými sem áður hýsti bókasafn skólans var breytt í kennslustofu. Bókakostur skólans var færður í opin rými og aðstaða nemenda til heimanáms bætt.

Samstarf við aðra

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi bæði við nærsamfélagið, stofnanir og fyrirtæki. Menntaskóli Borgarfjarðar á í formlægu samstarfi við grunnskóla Borgarbyggðar og Laugagerðisskóla undir merkjum Borgarfjarðarbrúarinnar. Haldnir voru reglulega samstarfsfundir stjórnenda skólanna um flæði milli skólastiga, námskrárgerð og fleira. Skólameistari MB á sæti í háskólaráði Borgarfjarðar ásamt Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Snorrastofu og Borgarbyggð. Um er að ræða samstarf á breiðum grunni um ýmisleg þróunarverkefni á sviði rannsókna og fræðastarfa í héraði. Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Snæfellinga eru í samstarfi um vistun og þjónustu við kennslukerfið moodle. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga um skólaþróun og hafa skólarnir komið á reglubundnum heimsóknum starfsmanna sín á milli. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við fyrirtæki í nærsamfélaginu um verknám nemenda á starfsbraut. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þjónustar nemendur skólans mjög vel ásamt því sem lítið safn handbóka og fræðibóka er til í skólanum. Skólinn er í samstarfi við tvo skóla á Norðurlöndunum, Nils Fredriksson-utbildning í Svedala og Calmare International School í Kalmar í Svíþjóð. Skólarnir skiptast á heimsóknum nemenda og kennara og vinna saman að öflun styrkja til þróunarverkefna í tengslum við heimsóknir skólanna. Menntaskóli Borgarfjarðar tók þátt í Menntaþingi Borgarfjarðar í upphafi árs þar sem öll skólastig og allir skólar Borgarfjarðar komu saman og ræddu samstarf sín á milli.

Borgarnesi 10. febrúar 2014

Kolfinna Jóhannesdóttir